Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 23. nóvember 2026
MSS26100116

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um viðbrögð við auglýsingu um rekstur leikskóla og daggæslu

Á fundi borgarráðs þann 29. október 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

> *Hvernig viðbrögð hafa fengist við auglýsingum Reykjavíkurborgar um aðila til að reka leikskóla og daggæslu?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. nóvember sl.

Svar við fyrirspurn:

Í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar 2. júní 2026 þess efnis að fela borgarstjóra að auglýsa eftir vinnustöðum til samstarfs um rekstur leikskóla eða daggæslu í Reykjavík, var auglýsing birt á Facebook þann 4. september sl. Í kjölfarið bárust tvær fyrirspurnir frá dagforeldrum og ein fyrirspurn frá fyrirtæki til að reka leikskóla/daggæslu. Þetta er í frekari skoðun og skýrist á næstunni. Jafnframt er verið að undirbúa að setja út markaðskönnun um uppbyggingu leikskólahúsnæðis á næstunni.

Auglýst var eftir húsnæði fyrir leikskóla í mars sl. og rann frestur út 14. apríl sl. Eitt tilboð barst vegna leikskóla á Rafstöðvarvegi sem hefur starfsemi á næstunni. Samkvæmt upplýsingum eignaskrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs hafa fleiri aðilar kynnt Reykjavíkurborg hugmyndir um húsnæði í þeirra eigu fyrir leikskóla og er í skoðun hvort þær geti fallið að þörfum borgarinnar.

Auglýst var eftir leiguhúsnæði sem hentar fyrir starfsemi dagforeldra í desember 2024 og var auglýsingin með opinn gildistíma. Samkvæmt upplýsingum eignaskrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs voru tveir dagforeldrar með starfsemi um tíma í sameiginlegu húsnæði í kjölfar auglýsingarinnar en þeir hættu svo starfsemi. Borist hafa fleiri fyrirspurnir án þess að þær hafi skilað árangri enn sem komið er.

Reykjavík

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík